

Skýrsla hverfisnefndar fyrir starfsárið 2004 - 2005

Hverfisnefnd var stofnuð í Síðuhverfi 10. júní á síðasta ári og því líður senn að ársafmæli nefndarinnar. Í nefndina voru kosnir: Dýrleif Skjöldal, Elín Magnúsd., Hannes Pétursson, Helga Eymundsdóttir og Sigþór Heimisson sem aðalmenn og varamenn voru kosnir Drífa Matthíasdóttir, Ingibjörg Magnúsdóttir og Kristín Konráðsdóttir. Allir nefndarmenn hafa verið boðaðir á alla fundi nefndarinnar þ.a. allir nefndarmenn hafa verið virkir.

Nefndarmönnum finnst betri kostur að smala íbúum saman til fundar nú í maíbyrjun fremur en að halda fund þegar lengra líður á sumarið. Það er alltaf spurning um besta tímann.

Á fyrsta fundi skiptum við með okkur verkum þ.a. mér hlotnaðist embættið formaður hverfisnefndar og Dýrleif fékk ritarastarfið.

Nefndin tók fljótlega að við að sér upplýsingum um hverfið. Gengið var um hverfið og skoðuð skipulagskort.

Þegar hausta tók ákváðum við að minna hverfisbúa á okkur og létum frá okkur fara dreifibréf sem fjallaði um tilveru hverfisnefndarinnar. Nefndin hefur síðan fengið nokkrar ábendingar frá íbúum um það sem þeim finnst að þurfi að gera úrbætur á. Það eru fyrst og fremst umferðamálin sem brenna á íbúum hverfisins.

Hverfisnefnd hefur haldið 8 fundi og hafa þeir oftast verið haldnir hér í Síðuskóla. Fyrstu fundirnir voru n.k. útifundir þar sem við gengum um hverfið og skoðuðum og skeggræddum það sem á vegi okkar varð sér í lagi m.t.t. umferðaröryggis þar sem talsvert hafði borið á áhyggjum fólks af hraðakstri. Fólk er ekki á einu máli um það hvernig best er að standa að því að hægja á umferðinni. Eftir talsverðar bollaleggingar nefndarmanna var ákveðið að fara þess á leit við bæjaryfirvöld að setja upp skilti með áletrunum sem minntu fólk á að fara varlega um hverfið. Enn fremur höfum við reynt að koma áfram þeim áherslum sem íbúar einstaka gatna hafa lagt til. Má þar nefna áhuga íbúa við Reykjásíðu um hraðahindranir í götuna. Íbúar við Tungusíðu hafa einnig bent nefndinni á hraðan akstur í þeirri götu og einnig hefur borið á áhyggjum fólks vegna aukinnar umferðar sem búast má við um Vestursíðu þegar búið verður að ganga frá tengingu við Síðubraut. Umferð barna á leið yfir Hlíðarbrautina er líka áhyggjuefni hverfisbúa sem og umferð yfir Teigarsíðu. Fulltrúar nefndarinnar hafa einu sinni farið á fund deildarstjóra umhverfisdeildar og ræddu þá ýmsa þætti sem við leggjum áherslu á að komist í framkvæmd s.s. frágang bílaplans við Síðubúð og nauðsyn þess að koma bílaplani við Síðusel í viðunandi horf. Einnig var rætt um umferðahraða og hugmyndir að úrbótum. Gefið hefur verið gult ljós á að sett verði upp skilti í hverfinu sem minna vegfarendur á að fara varlega. Hugmyndin er að setja upp skilti við allar innkeyrsluleiðir í hverfið. Skiltin eru enn á hönnunarstigi en VÍS var tilbúið til að leggja til styrk við hönnun þessara skilta.

Fulltrúi hverfisnefndar hefur frá því í haust setið í verkefnisstjórn Barnsins í brennidepli sem er þróunar- og forvarnarverkefni hér í Síðuhverfi. Hverfisnefndin hefur átt nokkurt samstarf við verkefnisstjórnina. Nefndin hefur fylgst vel með því sem fram hefur farið í þróunarverkefninu sem er mjög áhugavert. Til þess að leggja

a.m.k. eitthvað að mörkum tók hverfisnefndin þá ákvörðun að halda þorrablót í samstarfi við Barnið í brennidepli. Þorrablót með öllum helstu hefðum slíkrar samkomu var haldið á fyrsta laugardegi í þorra hér í Síðuskóla. Þar mættu hverfisbúar á öllum aldri með trog sín, boðið var upp á heimatilbúin skemmtiatriði með annál og tilheyrandi og dansinn dunaði. Blótið lukkaðist sérdeilis vel og þátttakan fór fram úr björtustu vonum en tilgangur þessarar samkomu var ekki síst að tengja kynslóðir saman og leyfa ungum sem öldnum að taka þátt í þorrablótum.

Hverfisnefnd er umhugað um að efla skólann og skólasvæðið sem hjarta hverfisins og því er mikilvægt að hverfisbúar hafi eitthvað þangað að sækja. Að sjálfsögðu býður skólinn upp á ýmsar samkomur sem öllum er heimilt að sækja en oft verður það þannig að það eru fyrst og fremst foreldrar sem koma við í skólanum auk nemanda. Það er spurning hvernig við getum sem best gert skólann að n.k. hverfismiðstöð.

Nefndin hefur áhuga á að gera umhverfi skólans sem áhugaverðast fyrir leiki barna og unglunga og því ekki líka fullorðinna. Við leggjum áherslu á að hér verði settur sparkvöllur til þess að fótþakappar geti leikið sér sem allra mest í fótþak. Það hefur nokkuð borið á því að unglingarnir okkar eru að fara niður á Oddeyri til þess að leika sér í fótþak og þar er sparkvöllurinn þétt skipaður. Við þurfum líka að passa grænu svæðin okkar, þ.e. að þau hverfi ekki öll undir byggingar.

Hverfisnefnd barst bréf frá starfshópi um endurskoðun fjölskyldustefnu Akureyrarbæjar þar sem nefndinni var gefið tækifæri til þess að gera tillögur að endurbættum og/eða nýjum verkefnum. Nefndin fór yfir fjölskyldustefnuna og mat starfshópsins á árangri fjölskyldustefnunnar. Nefndin er í stórum dráttum sátt við fjölskyldustefnuna og telur að hún styðji við þau mál sem hún vill beita sér fyrir þ.e. að skapa fallett og öruggt búsetuumhverfi með góðri hönnun og umhverfisfrágangi. Sátt að segja æxluðust mál þannig að við létum ekkert formlegt frá okkur fara um stefnuna utan það sem sett var í fundargerð nefndarinnar þ.e. að stefnan væri góð og gild í sjálfu sér og málið væri að vinna að því að sem mest komist til framkvæmda.

Guðmundur Sigvaldason kom á einn fund með hverfisnefnd þar sem rætt var um Staðardagskrá 21. Nefndinni var þar gefinn kostur á að segja sitt álit á Staðardagskránni og fá nánari útskýringar á ýmsum þáttum hennar. M.a. var rætt um áhyggjur nokkurra íbúa vegna klórframleiðslu hjá Sjöfn. Guðmundur fullvissaði nefndina um að þær áhyggjur væru óþarfar. Í kjölfar þessa fundar var ákveðið að fá Guðmund til þess að fjalla lítilega um umhverfismál á íbúafundi.

Þá hef ég dregið á því helsta sem á daga hverfisnefndar hefur drifið frá stofnun hennar. Þetta er vettvangur sem við hverfisbúar eigum að nýta okkur til þess að ýta á hin ýmsu mál sem okkur varða og standa saman um en eins og í öllum sveitum þá sýnist sitt hverjum um hin ýmsu álitamál. Ekki síst finnst mér mikilvægt að hverfisbúar sameinist um að hér í Síðuhverfi sé gott mannlíf og vonandi komum við til með að rísa undir nafni og vera samfélag í sátt.

Í Síðuhverfi 2. maí 2005

Elín E. Magnúsd. formaður hverfisnefndar Síðuhverfis